



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð



50. tölublað, 5. árgangur, desember 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

Jólatréð inni stofu er þýsk hefð frá átjándu öld, en fyrstu tæplega hundrað árin voru notuð kerti eða lugtir til að lýsa það upp. Fyrsta rafmagnsjólaserían var sett í samband fyrir rúmum 130 árum af samstarfsmanni Thomas Edisons.



Upp er runninn desember og árið brátt á enda. Við erum þakklát fyrir allar þær góðu stundir sem við höfum átt í skólanum þetta árið. Faglegt starf, umhyggja, gleði, virðing og samvinna er m.a. það sem við leggjum upp með og getum sagt að við stöndum fyrir. Við erum stolt af skólanum okkar og finnst við heppin að starfa í góðum hópi starfsfólks, nemenda og foreldra. Við þökkum samstarfið og óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs 2017!

Kveðja frá skólastjórnendum,
Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Jólafondur 6. desember

Þriðjudaginn 6. desember er jólafondur Árskógar skóla í **SKÓLANUM** sjálfum frá kl. 16:30-19:00.

Efni til fündurgerðar selt á staðnum auk veitinga sem foreldrafélagið sér um. Athugið að enginn posi er á staðnum.

Allir eru velkomnir og ágóði af sölu fündurs og veitinga fer í ferða- og skemmtisjóð nemenda.

Sjáumst hress í jólaskapi.



Jóla kort

Sú skemmtilega hefð ríkir í Árskógar skóla að þeir nemendur og kennarar sem vilja, senda hver öðrum jóla kort. Börnin koma með kortin í jóla kortakassa sem staðsettur er í skólanum. Síðasti skiladagur á jóla kortum er miðvikudaginn 14. desember.

4. bekkur sér síðan um að flokka kortin og loks afhendir jólasveinninn kortin á litlu jólum skólans.



Litlu jólin

Þriðjudaginn 20. desember eru litlu jólin. Frá klukkan 09:00 til 10:30 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Allir nemendur fá pakka, piparkökur og mjólk/vatn. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Skólaakstur á litlu jólinum:

Dalvíkurskóli	08:20
Árskógssandur	08:35
Stærri-Árskógur	08:40
Hátún	08:42
Hauganes	08:50
Heimferð	10:30



Að loknum litlu jólum fara grunnskólanemendur í jólafrí
en Kötlukot er opið til 16:00.

Jólafrí nemenda

Eftir litlu jólin þann 20. desember eru börn á grunnskólaaldri komin í jólafrí. Í ár verður Kötlukot opið til klukkan 16 á Þorláksmessu þann 23. desember og síðan fara þau í jólafrí.

Árskógarskóli er lokaður milli jóla og nýárs en opnar aftur þriðjudaginn 3. janúar samkvæmt stundaskrá.

Jólabókadagur

Fimmtudaginn 8. desember mega allir koma með jólabækur að heiman sem við skoðum og lesum saman.



Ný heimasíða!

Undanfarið hefur verið unnið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir Dalvíkurbyggð og undirstofnanir. Skólinn okkar mun því fá flotta og aðgengilega síðu líklegast nú í desember. Síðan okkar er grænleit í stíl við merki skólans, sniðin fyrir snjallsíma og því bíðum við spennt eftir að opna hana!



Viðburðadagatal desember 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
		30. nóvember Jólaskraut sett upp í skólanum	1	2	3	4
5	6 Jólafondur í skólanum 16:30-19:00 	7	8 Jólabókadagur 	9	10	11
12 	13 Jólaferð 1.-4. Ak  Giljagaur 	14 Skiladagur korta Stúfur 	15 Þvöru- sleikir 	16 Potta- skefill 	17 Aska- sleikir 	18 Hurða- skellir 
19 BINGÓ kl. 10 	20 Litlu jólin 9- 10:30 Bjúgna- krækir 	21 Rakel Rán 1 árs Glugga- gægir 	22 Gátta- þefur 	23 Þorláksmessa Ket- krókur 	24 Aðfangadagur Kerta- sníkir 	25 Jóladagur
26 Annar í jólum Lokað	27 Lokað	28 Lokað	29 Lokað	30 Lokað	31 Gamlársdagur Takk fyrir árið 2016	1. janúar Nýársdagur 